



Starfsferill

Andrés Svanbjörnsson, verkfræðingur.

andres.s@simnet.is

Nýhöfn 1, Garðabæ. Sími 694 9152

Fæddur í Reykjavík, 20.10.1939.

Stúdent frá MR 1959. Dipl. Ing. próf í byggingarverkfræði frá Rheinisch Westphälische Technische Hochschule (RWTH) í Aachen í Þýskalandi 1967.

- 1967-1968 Verkfræðingur hjá Björgun hf í Reykjavík við malar- og steypuefnavinnslu úr sjó og hafnarframkvæmdir.
- 1969-1975 Ráðgjafarverkfræðingur FRV og meðeigandi að verkfræðistofunni Hönnun hf. Stofnaði ásamt öðrum Virki hf, tæknilega verkfræði og ráðgjafarþjónustu 1969. Starfaði m.a. að undirbúningi Sigölduvirkjunar hér heima og hjá Electrowatt Engineering Services Ltd, samstarfsaðila Virkis í Zürich í Sviss og búsettur þar 1970-1972 og 1974-1975.
- 1976-1988 Framkvæmdarstjóri Virkis hf, síðar Virkis-Orkint hf. Hafði umsjón með erlendum verkefnum við virkjun jarðhita í Kenya og ráðgjöf í fiskiðnaði í Guinea Bissau svo og jarðhitarannsóknum í Suður- og Austur-Evrópu.
- 1988-2003 Yfirverkfræðingur Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar frá stofnun hennar þar til starfsemin var lögð niður í árslok 2003. Starfaði einkum við hagkvæmniathuganir, staðarvalsathuganir, mat á umhverfisáhrifum og að samningum við erlenda fjárfesta á sviði orkusækis iðnaðar (s.s. AtlantaL, Norðurál, Norsk Hydro, Becromal og Alcoa).
- 2004-2009 Yfirverkfræðingur hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og sérfræðingur á sviði orkuskiptaundirbúnings og erlendra fjárfestinga í iðnaði, gagnaverum o.fl..
- 2010- Eftirlaunamaður og leiðsögumaður
- Frekara nám: Lærði til og hlaut skipstjórnarréttindi fyrir allt að 30 BRT báta (pungapróf) 2012. Nám í leiðsögn fyrir þýsku- og enskumælandi ferðamenn hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og fékk réttindi faglærðs leiðsögumanns 2014.
- Trúnaðarstörf: Stjórnarformaður Virkis hf 1976-1978. Í stjórn FRV 1977-1979 og fulltrúi þess í Landsnefnd Íslands í alþjóðanefnd um stórar stíflur (ICOLD) 1979-1992, Í stjórn VFÍ 1981-1983 og fulltúi þess í Landsnefnd Íslands í Alþjóðaorkumálanefnd (WEC) 1980-1989. Formaður merkisnefndar VFÍ 1982-1992 og útflutningsnefndar VFÍ 1993-1996. Sat í Yfirfasteignamatnefnd 1983-2008. Í stjórn menningarfélagsins Karls 1. frá 2015
- Fjölskylda: Kvæntist Björk Timmermann 1970. Hún lést 2006. Börn: Frímann, útfararstjóri og Markús Þór, MA, sýningarstjóri. Barnabörn eru 4. Sambýliskona Erna Indriðadóttir, fyrrverandi fréttamaður og fjölmiðlakona,
- Tómstundir: Sund, skíði, siglingar, sumarbústaður, smíðar, kórstarf og ferðalög.

Hvers vegna sækist ég eftir stjórnarsetu í Lífsverki lífeyrissjóði?

Uppistaða sjóðfélaga er verkfræðingar. Við eldri sjóðfélagar vorum stoltir af sjóðnum okkar og greiddum í hann í góðri trú á, að lífeyrisréttindi okkar að lokinni starfsævi myndu sjá okkur fyrir góðum eftirlaunum. Það fór því miður á annan veg. Eignir sjóðsins rýrnuðu af völdum efnahagslegra áfalla í þjóðfélaginu sem bitnaði á eftirlaunamönnum. Stjórn félagsins tókst að snúa þróuninni við með átaki sem byggðist einkum á markvissum skerðingum lífeyrisréttinda svo tugum prósentu skipti. Nú er lag til að beita markvissum aðgerðum á hinn veginn sem tryggja eftirlaunamönnum leiðréttingar á þessum skerðingum í áföngum. Ég vil gjarnan taka virkan þátt í því mikilvæga verkefni.